

Ágætu foreldrar/forráðamenn

Í grunnskólum Garðabæjar nýta nemendur tölvur og Netið í skólastarfi. Til að vernda nemendur gegn óæskilegu efni á Netinu hefur verið sett upp vefsía til að útiloka efni sem ekki hentar börnum á grunnskólaaldri. Rétt er að benda á að vefsía þessi gerir mögulegt að fylgjast með vefrápi á tölvukerfi Garðabæjar. *Skólinn áskilur sér rétt til að nýta þennan möguleika sé talin þörf á.*

Við biðjum ykkur að fara yfir reglur um tölvunotkun í grunnskólum Garðabæjar með börnunum. Við bendum sérstaklega á reglu fjögur um gagnasvæði nemenda en þar kemur fram að kennarar hafa aðgang að öllum gagnasvæðum þeirra í skólanum. Skólinn áskilur sér rétt til að fara yfir, skoða og jafnvel eyða gögnum á gagnasvæðum nemenda.

Mikilvægt er að fylgst sé með því sem börnin eru að gera á Netinu. Víða er hægt að fá vefsíur til að setja upp heima til að útiloka óæskilegt efni. Vefsíða SAFT (<http://saft.is>) gefur góðar upplýsingar um örugga netnotkun barna.

### **Tölvureglur grunnskóla Garðabæjar**

1. *Tölvubúnaður grunnskólanna er eign skólanna og einungis ætlaður til náms, kennslu, kynningar og annars sem samræmist markmiðum skólans. Nemendur sem vinna að verkefnum vegna námsins hafa forgang að tölvum skólans.*
2. *Notendur verða að umgangast tölvubúnaðinn með virðingu. Ef tölvan er ekki í lagi þegar komið er að henni þá ber að tilkynna það strax til kennara eða annarra starfsmanna skólans.*
3. *Allir nemendur hafa eigið notendanafn og netfang í tölvukerfi skólans og eru ábyrgir fyrir allri notkun þess og verða að muna að skrá sig út eftir notkun.*
4. *"Kennarar hafa aðgang að gagnasvæðum nemenda. Skólinn áskilur sér rétt til að fara yfir, skoða og jafnvel eyða gögnum á gagnasvæðum nemenda.*
5. *Forðast skal að hafa gagnaflutninga inn á netkerfi skólans svo umfangsmikla að þeir valdi óþarfa álagi.*
6. *Notendur eiga að fara eftir fyrirmælum kennara og gangsetja einungis þau forrit sem hann leyfir.*
7. *Notendur verða að fá leyfi kennara til að prenta.*
8. *Nemendur fá leyfi hjá starfsmönnum skólans til að nota tölvur skólans.*